

Ed.

362. Tillaga til þingsályktunar

[187. mál]

um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp um stofnun framhaldsskóla á Norðurlandi vestra með fjölbrautasniði. Skólastarfið verði byggt upp í þremur fjölmennustu þéttbýlisstöðum kjördæmisins, í Siglufirði, á Sauðárkróki og á Blönduósi, og skal stefnt að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum af þessum þremur stöðum.

Samræmt fjölbrautanámi á Norðurlandi vestra með nauðsynlegri verkaskiptingu milli skólastaða miðist við eftirtalin meginsvið:

I. Á tveimur skólastöðum sé starfrækt bóknámsbraut, á öðrum til tveggja ára og á hinum til fjögurra ára, er samsvari menntun til stúdentsprófs, og skiptist í nokkrar námsbrautir, eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. tungumáladeild, raungreina- og náttúrufræðideild.

II. Iðn- og tæknibraut skiptist milli skólastaða, eftir því sem hagkvæmast þykir, t. d. þannig að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tækninám, sem tengdast er siglirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki, eins og þegar hefur verið ákveðið.

III. Á einum skólastaðnum verði viðskipta- og verslunarbraut sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.

IV. Á öllum skólastöðunum geti nemendur stundað bóknámsþætti námsbrauta í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði, en að öðru leyti fari námið fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Skal við það miðað, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess, að nemendur geti haldið námi áfram á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

V. Námsbrautir á sviði lista skiptist milli skólastaðanna, eftir því sem aðstæður leyfa, og kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Vegna fámennis og margbreytileika námsins verði skólastarfið skipulagt í áfangakerfi, sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbund-

innar bekkjaskiptingar og geri framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara milli skólanna og standa fyrir námskeiðum.

Um kostnað við stofnun og rekstur fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra skal fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Skólaráð skal fara með stjórn fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra í samvinnu við skólastjóra og undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Skólaráð skal skipað eftir tilnefningu fræðsluráðsins á Norðurlandi vestra. Jafnframt skulu nemandur árlega tilnefna fulltrúa í skólaráð.

### Greinargerð.

Í tillögu þessari felst veruleg breyting frá núverandi skipulagi á framhaldsskólafræðslu í anda þeirrar stefnu, sem kennð hefur verið við fjölbrautánám. Forðæmi er fengið með lögunum um fjölbrautaskóla, sem fyrst og fremst eru miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála ekki enn verið útfærð á landsmælikvarða. Ljóst er, að meðan það hefur enn ekki verið gert, er lítil von til þess, að skólamál í einu af minni kjördæmum landsins verði skipulögð á þennan veg. Meðal annars þess vegna flyt ég ásamt Helga F. Seljan tillögu til þingsályktunar um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa frumvarp, er leggi grundvöll að samræmdum framhaldsskóla. En ástæðurnar til þess, að ég flyt sérstaka tillögu um skólamál á Norðurlandi vestra, eru þessar:

Ég vil minna á, að enda þótt enn sé ekki unnt að stunda nám, er leiði til stúdentsprófs, á Norðurlandi vestra, er full ástæða til þess að svo verði í framtíðinni. Ég vil vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess, að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt, og ég tel sérstaka þörf á því, þar sem Norðurland vestra á í hlut, því að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið. Má nefna því til sönnunar, að í öllum öðrum kjördæmum er menntaskólanám ýmist stundað eða a. m. k. í undirbúningi, og á fjárlögum er fé veitt til iðnskólahygginga í öllum kjördæmum öðrum en á Norðurlandi vestra. Ég tel, að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkara mæli en nú er, og fyrir Norðurland vestra, þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við, að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði nú stefnt að alhliða fjölbrautánámi, sem skipulagt verði á svæðinu öllu sem einni heild.

Ef til vill spyr einhver, hvort Norðurland vestra sé ekki of fámennt til að standa undir menntaskólanámi — hvað þá enn margbreytilegra námi fjölbrautaskólans. Því er til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurlandi vestra eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með því hefur Alþingi viðurkennt í reynd, að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í þess stað verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins.

Óneitanlega fylgir því nokkur sparnaður að hafa skólana mjög fáa og að sama skapi stóra. En þar á móti kemur, að þá þarf að byggja þeim mun fleiri heimavistir, sem eru mjög dýrar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði á landinu eru augljósir. Frá sjónarmiði byggðastefnu er einmitt mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, því að reynslan sýnir, að því yngri sem unglingar neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því, að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Að sjálfsögðu eru ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið má dreifa skólastarfinu. Skólastaðir mega ekki verða fleiri en svo, að unnt sé að byggja upp nægilega stórar skólaeiningar. Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að miðstöðvar fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra verði á þremur stöðum, m. a. í þeim tilgangi að viðhalda tengslum nemenda við heimaslóðir eins lengi og unnt er, með því að gera seni flestum nemendum fært að sækja framhaldsskóla, gangandi eða akandi að heiman. Skal nú vikið nánar að nemendafjöldanum.

Á s.l. skólaári voru að meðaltali um 218 börn í hverjum aldursárgangi barnaskólanna á Norðurlandi vestra. Sett hefur verið fram spá um skólasókn unglinga að loknum grunnskóla og er þar um að ræða hámarksspá, sem vafalaust verður ekki að veruleika úti um land fyrir en að nokkrum árum liðnum. Miðað við þessa spá yrði nemendafjöldi á Norðurlandi vestra á hverju skólaári framhaldsskólástigsins sem hér segir:

1. ár framhaldsskóla	85% árgangs	185 nemendur
2. ár	75% —	164 —
3. ár	60% —	131 —
4. ár	35% —	76 —

Samtals á framhaldsskólástigi 556 nemendur

Þessi fjöldi nemenda, 556, er rétt um 64% af fjórum aldursárgöngum á barnaskólástigi kjördæmisins. Til þess að átta sig betur á því, hvort fyrrnefnd spá er raunhæf, má geta þess, að á seinasta skólaári voru á öllu landinu 11550 nemendur í skólum, sem samsvara munu væntanlegu framhaldsskólástigi, þegar grunnskólalögin eru komin í framkvæmd, og eru það tæp 64% af fjórum aldursárgöngum barnaskólanna. Ef frá er talið nám, sem ekki getur orðið í fjölbrautaskólum úti um land, t. d. kennaranám, hjúkrunarnám eða efri bekkir tækniskóla, er samsvarandi hlutfall tæp 57%. Það virðist því alls ekki óraunhæft, að með auknu framhaldsskólastarfi heima í héruðum muni 64% af 16—19 ára unglingum sækja þar skóla.

Miðað við fjóra aldursárganga barnaskólanna sækir rúmlega fjórðungur nemenda (26%) skóla á Norðurlandi vestra á hliðstæðu stigi og væntanlegur framhaldsskóli verður. Stærsti hópurinn er í 4. bekk gagnfræðaskólanna, 80 manns, í Iðnskólanum á Sauðárkróki eru um 70, í deild Vélskólans á Siglufirði eru 15, í húsmæðraskólanum á Löngumýri og á Blönduósi um 25 og í Bændaskólanum á Hólum 36 nemendur eða alls 226 nemendur. Þess má geta, að fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, en hún hefur þó ekki enn komið til framkvæmda af einhverjum ástæðum.

Með verkaskiptingu og góðri skipulagningu virðist fullkomlega raunhæft að skipta námi 500—600 nemenda væntanlegs fjölbrautaskóla á þrjá aðalskólastaði, Siglufjörð, Sauðárkrók og Blönduós, en af þeim yrðu 50—60 við verklegt nám á Hólum og að Löngumýri. Í tillögunni er þó á það minnt, að því aðeins er þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Að lokum má geta þess til samanburðar, að nemendafjöldi á Vestfjörðum í hverjum árgangi barnaskólanna er mjög svipaður og á Norðurlandi vestra, þ. e. 225 nemendur. Nemendur Menntaskólans á Ísafirði eru nú 150, í Iðnskólanum þar voru 56 nemendur skólaárið 1973—1974, í deild Vélskólans voru 22, í deild Tækniskólans 9, í 4. bekk Húsmæðraskólans 27 eða samtals 311 nemendur.

Á Austfjörðum er í undirbúningi menntaskóli á Egilsstöðum, sem væntanlega verður hluti af fjölbrautaskóla á Austurlandi. Á s.l. skólaári voru að meðaltali 263 nemendur í hverjum árgangi barnaskólanna á Austurlandi. Áætlun um skipulag skólastarfsins miðast þó við 250 nemendur í aldursárgangi, og miðað

við fyrrnefnda spá um skólasókn er reiknað með, að nemendafjöldinn verði alls 638, þar af 390 í Neskaupstað og 248 á Egilsstöðum.

Gert er ráð fyrir, að 63 nemendur fari bóknámsbraut í væntanlegum fjölbrautaskóla, þ. e. 25% af aldursárgangi, þar af verði 54 á Egilsstöðum og 9 á Neskaupstað fyrstu tvö árin, en síðari tvö árin verði allir nemendur bóknámsbrautar á Egilsstöðum.

### Fylgiskjal.

Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:		Nemendafjöldi í 1.—6. bekk	Að meðaltali í hverjum árgangi
Vestur-Húnav.s.		214	36
Staðarhreppur	24		
Laugarbakki	125		
Hvammstangi	51		
Þverárhrr.	14		
Austur-Húnav.s.		296	49
Húnavallaskóli	119		
Blönduós	88		
Skagaströnd	83		
Skagahreppur	6		
Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:		Nemendafjöldi í 1.—6. bekk	Að meðaltali í hverjum árgangi
Skagafjarðarsýsla		330	55
Skefilsst.hr.	5		
Staðarhr.	21		
Varmahlíð	45		
Steinsstaðir	36		
Akrahr.	45		
Rípurhr.	19		
Hólar	44		
Hofsós	85		
Barð í Fljótum	30		
Sauðárkrókur		211	35
Siglufjörður		256	43
		<hr/>	
		1 307	218

### Nemendur í menntaskólanámi skólaárið 1973—1974.

Menntaskólinn í Reykjavík	883
— — við Tjörnina	666
— — við Hamrahlíð	1 249
— — á Akureyri	487
— — á Laugarvatni	172
— — á Ísafirði	150
— — í Kópavogi	109
Flensborgarskóli í Hafnarfirði	123
Gagnfræðaskóli Keflavíkur	21
— — Akraness	21
— — Austurbæjar (Rvík)	55
Kennaraháskóli Íslands	115

---

Samtals 4 051

**Nemendur í framhaldsskólum skólaárið 1973—74 með hliðsjón af grunnskólalögum.**

4. bekkir gagnfræðadeildar .....	2 303
Iðnskólar .....	1 635
Vélskóli Íslands .....	347
Húsmæðraskólar .....	771
Bænda- og garðyrkjuskólar .....	147
Sjómannna- og fiskvinnsluskólar .....	221
Verslunarskólar .....	717
Tækniskóli, 1.—2. bekkur .....	120
Menntaskólanám .....	4 051

**Nokkrir sérskólar.**

Kennaraskólar .....	477
Tækniskóli, 3.—4. bekkur .....	120
Skólar heilbrigðisstétta .....	524
Hótel- og veitingaskóli .....	117

**Samtals 1 238**

**Nemendur í barnaskólum skólaárið 1973—1974.**

1.—6. bekkur .....	27 331
Að meðaltali í árg. ....	4 555